

BÍÓ

1999. tbl. desember 2018

MARY POPPINS

mánaðarins



Disney

MARY POPPINS RETURNS

EMILY LIN-MANUEL BEN EMILY JULIE DICK ANGELA WITH COLIN AND MERYL
BLUNT MIRANDA WHISHAW MORTIMER WALTERS VAN DYKE LANSBURY FIRTH STREEP

Fazer

Dumle



Ómótstæðilega gott...

FRÁ FRAMLEIÐENDUM
THE LORD OF THE RINGS OG THE HOBBIT

**NÝTT
Í BÍO**
FRUMSÝND
14. DES.

HERA HILMARSDÓTTIR

MORTAL ENGINES

LAUGARÁS  BÍO

SMÁRA  BÍO

HÁSKÓLA  BÍO

SAMBÍON  EGILSHÖLL

ÁLFABAKKI  SAMBÍON

BORGAR  BÍO

Gleðileg jól

Desember er runninn upp enn eina ferðina með tilheyrandi hátíðahaldi sem verður vonandi ánægjulegt og gefandi fyrir alla Íslendinga nær og fjær. Víst er að kvikmyndaáhugafólk fær margt gott í skóinn í þessum síðasta mánuði ársins enda eru vægast sagt mjög góðar myndir á dagskrá kvikmyndahúsanna þótt þær séu ekki margar að þessu sinni. Eflaust bíða flestir eftir nýjustu *Mary Poppins*-myndinni sem prýðir forsíðu blaðsins að þessu sinni, en aðrar myndir mánaðarins eru líka spennandi hver á sinn hátt og má sjá heiti þeirra í upptalningunni hér fyrir neðan.

Athugið að næsta blað, janúarblaðið, sem er jafnframt tölublað númer 300 af Myndum mánaðarins, kemur út á milli jóla og nýárs.

Desemberdagskrá bíóhúsanna:

7. des.	The Sister's Brothers	Bls. 18
14. des.	Mortal Engines	Bls. 20
19. des.	Aquaman	Bls. 22
26. des.	Mary Poppins Returns	Bls. 24
26. des.	Bumblebee	Bls. 26
26. des.	Spider-Man: Into the Spider-Verse	Bls. 28
26. des.	Second Act	Bls. 30

Sjáumst í bíó!

Kíkið einnig á DVD- og VOD-útgáfuna sem sjá má hinum megin í blaðinu ásamt kynningu á nýjum tölvuleik og PlayStation-Classical-leikjatölvunni sem inniheldur m.a. 20 sígilda leiki.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá jólagjöfina og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna litla jólagjöf sem einhver gleymdi inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 📺

Ef þú finnur jólagjöfina og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið með skilaboðum, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem jólagjöfin er. Mundu að hafa fullt heimilisfang með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með 17. desember. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum 18. desember og verða nöfn vinningshafa birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu loftbelginn:

Þorsteinn Gísli Jónsson, Skinnastöðum, 671 Kópaskeri
Víkinger Kári Sigfússon, Hraunbæ 40, 110 Reykjavík
Valgerður Ásrún Sigurðardóttir, Hraunbæ 130, 110 Reykjavík
Elín Björk Magnúsdóttir, Hraunbæ 136, 110 Reykjavík
Katrín Þórðardóttir, Klukkuvöllum 42, 221 Hafnarfirði

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

299. tbl. desember 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

Domino's

JENNIFER LOPEZ

SECOND ACT

FRUMSÝND
26. DESEMBER

LAUGARÁS **BÍÓ**
BARA LÚXUS

HÁSKÓLA **BÍÓ** **BORGAR** **BÍÓ**

HAPP- AKSTUR

ORKUNNAR



GJAFABRÉF FRÁ
ORKUNNI AÐ ANDVIRÐI

100.000 KR.

VINNINGAR FRÁ
DOMINO'S, KVIKK
OG RED BULL

KEYRÐU OG KEPPTU TIL SIGURS

HAPPAKSTUR ORKUNNAR ER NYR OG ENDALAUST SKEMMTILEGUR
BÍLALEIKUR Á NETINU. FARÐU Í EINN BESTA BILTÚR LÍFS ÞÍNS OG REYNDU
AÐ NÁ LENGRA EN AÐRIR. FJOLDI GLÆSILEGRA VINNINGA Í BODI FYRIR
ÓFLUGUSTU HAPPAKSTURSKAPPANA. SJÁUMST Á HAPPAKSTUR.IS!



VINNINGAR



Það er bandaríska leikkonan Amber Heard sem hér slakar á í förðunarstólnum 18. maí 2017, daginn sem fyrsta atriðið sem hún leikur í var tekið upp fyrir myndina *Aquaman* sem frumsýnd verður 19. desember. Myndina birti hún á Twitter-reikningi sínum með orðunum: „Eftir ár af undirbúningi, hálf t. á þjálfun og óteljandi skipti sem ég hef þurft að neita mér um það sem mér finnst gott, t.d. kleinuhringi, er komið að því. Dagur 1“. Eins og sést á myndinni notar hún tækifærið og les eina af sögunum um Aquaman sem myndin er byggð á en á þessum tíma var vinnuheiti myndarinnar *Ahab* í höfuðið á skipstjóranum einfætta í bók Hermans Melville um *Moby Dick*. Myndbirtingin var því ákveðin vísbendingaleikur hjá Amber á sínum tíma.



Það bíða sjálfsgat margir eftir nýju *Mary Poppins*-myndinni sem frumsýnd verður 26. desember, ekki síst aðdáendur fyrri myndarinnar sem sló í gegn árið 1964 og var með þeim Julie Andrews og Dick Van Dyke í stærstu hlutverkunum. Þeim var báðum boðið að leika í nýju myndinni en Julie ákvað að þiggja það ekki á þeim forsendum að hún taldi að nærvera sín myndi e.t.v. skyggja á Emily Blunt sem nú leikur barnfóstruna göldróttu. Hins vegar var hinn 92 ára gamli Dick Van Dyke til í tuskið og leikur í a.m.k. einu atriði Dawes yngri, son gamla bankastjórans Dawes sem Dick lék í fyrri myndinni, en hann dó úr hlátri yfir brandaranum um einfætta manninn og tréfótinn hans. Hver veit nema sá brandari sé enn til staðar í nýju myndinni.



Tökur á myndinni *Joker* eftir Todd Phillips eru nú langt komnar en þar leikur Joaquin Phoenix Arthur Fleck sem eftir að hafa lent í verulegum hremmingum af völdum Batmans, þar á meðal í sýrubaði ef okkur misminnir ekki, breytti sér í hinn léttgeggjaða Jóker sem var harð-ákveðinn í að leggja undir sig Gotham-borg og launa Batman í leiðinni lambið gráa. Nákvæm útlistun á söguþræði myndarinnar hefur ekki verið birt en þó er vitað að um upprunasögu er að ræða, þ.e. við fáum að fylgjast með hvað það var nákvæmlega sem olli því að Arthur varð að Jóker. Á meðfylgjandi ljósmynd er Joaquin á harðahlaupum í hlutverki sínu í einu atriði myndarinnar, en út af hverju fáum við ekki að vita fyrr en myndin verður frumsýnd í október á næsta ári.



Frumkvöðullinn, ritstjórinn og myndasagnaútgefandinn Stan Lee lést þann 12. nóvember sl., 95 ára að aldri, en Stan á að öðrum samstarfsmönnum hans ólöstuðum, sérstaklega þeim Jack Kirby og Steve Ditko, mestan þátt í að gera veg og vanda teiknimyndasagna um ofurhetjur vinsælar og lagði þar með grunninn að því risafyrirtæki sem Marvel er í dag og hefur verið undanfarna áratugi, en teiknisögubransinn var í raun bara lítil hliðarbúgrein útgáfufyrirtækja þegar hann hóf störf í honum. Um leið var hann meðhöfundur ýmissa ofurhetjusagna sem allir þekkja í dag eins og *Spider-Man*, *The Hulk*, *Doctor Strange*, *The Fantastic Four*, *Iron Man*, *Daredevil*, *Thor*, *The X-Men* og margra fleiri.

Eftir að Stan dró sig í hlé frá mesta skarkalanum hafði hann fyrir sið að koma fram í feluhlutverki í Marvel-myndunum og samkvæmt því sem okkur skilst kemur hann fram (eða rödd hans a.m.k.) í nýju *Spider-Man*-teiknimyndinni sem frumsýnd verður 26. desember (sjá bls. 28) og svo í síðasta sinn í *Spider-Man: Homecoming* sem frumsýna á í júlí næsta sumar og verður alveg áreiðanlega tileinkuð minningu hans.

PAKKADAGAR



pakkadagar.kia.is



Kia Optima PHEV

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 350.000 kr.

Kia Sportage

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 450.000 kr.

Kia Stonic

Vetrar- eða ferðapakki,
verðmæti allt að 250.000 kr.

Fáðu þér nýjan Kia og kíktu strax í pakkann

Það er hárréttur tími til að festa kaup á nýjum bíl frá Kia því nú fylgir veglegur kaupauki til áramóta. Þegar þú hefur fundið Kia bílinn sem hentar þér og þínum getur þú valið stútfullan vetrarpakka af aukabúnaði eða spennandi ferðapakka með gjafabréfi út í heim. 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind fylgir einnig með öllum nýjum bílum. Kynntu þér málið á pakkadagar.kia.is

Reynsluaktu nýjum Kia með 7 ára ábyrgð hjá okkur. Við tökum vel á móti þér.



Leikstjórinn James Cameron tilkynnti um miðjan nóvember að fyrir utan nokkur atriði sem þyrfti að finnússa með áhættuleikurum væri tókum lokið á hinum fjórum *Avatar*-framhaldsmyndum sem hann og samstarfsfólk hans hefur verið að gera á undanförunum árum og frumsýna á í desember 2020, 2021, 2024 og 2025. James, sem á m.a. að baki *Terminator*-myndirnar og tvær vinsælustu kvikmyndir sögunnar, þ.e. fyrstu *Avatar*-myndina 2009 og svo *Titanic* frá árinu 1997, segir að þessar nýju *Avatar*-myndir verði glæný upplifun fyrir kvikmyndahúsagesti og að ástæðan fyrir þeim langa tíma sem tekið hefur að kvikmynda þær felist að stóru leyti í nýrri tegund af svokallaðri „motion capture“-tækni, ekki síst sem snýr að slíkri kvikmyndatöku í vatni en þessi tækni var hreinlega fundin upp um leið og myndin var gerð. Lofar James áhorfendum að með þessari nýju tækni muni þeir um leið upplifa nýja tegund af þrívídd sem sé hrein bylting. Við getum ekki annað en beðið spennt í þau tvö ár sem eru þangað til.



Þetta er enginn annar en sjálfur John Wick sem þarna er kominn á hestbak í þriðju myndinni um kappann sem frumsýna á um miðjan maí ef áætlanir ganga eftir og er sem fyrr eftir leikstjórann Chad Stahelski eftir handriti Dereks Kolstad. Sem fyrr er það Keanu Reeves sem leikur John og verður spennandi að sjá hvað hann tekur sér fyrir hendur en eins og þeir muna sem sáu mynd númer tvö lauk henni með frábæru atriði þar sem John fékk að vita að eftir eina klukkustund myndu allir leigumorðingjar heimsins snúa sér að því verkefni að drepa hann. „Segðu þeim, segðu þeim öllum, að ég muni drepa þá“ voru lokaorð hans í myndinni áður en hann hljóp út í buskann og má því reikna með að þriðja myndin hefjist ekki mikið síðar en klukkustund eftir það.



Þarna sjáum við leikstjórana Kevin Kölsch og Dennis Widmyer ræða við þá Jason Clarke og John Lithgow við tókur á myndinni *Pet Sematery* sem frumsýna á í apríl og er eins og flestir vita byggð á einni af bókum hrollvekjumeistarans Stephens King. Sagan, sem kom út árið 1983 og hlaut fjölmörg bókmenntaverðlaun á sínum tíma, er í stuttu máli um Creed-hjónin Louis og Rachel sem flytja ásamt tveimur börnum sínum í hús sem stendur í útjaðri bæjarins Ludlow þar sem Louis, sem er læknir, hefur fengið starf á sjúkrahúsi. Fljótlega eftir komuna á nýja staðinn uppgötva þau dýrakirkjugarð í nágrenninu og það á auðvitað eftir að koma í ljós að honum fylgja þau hrollvekjandi álög að dýrin sem eru grafin þar ganga aftur. Þetta er önnur bíómyndin sem er gerð eftir þessari sögu en sú fyrri var frumsýnd 1989 og skaut mörgum áhorfendum skelk í bringu. Það mun þessi nýja mynd væntanlega líka gera.



Hér sjáum við hvar verið er að taka upp atriði í myndinni *The Goldfinch* eftir leikstjórann John Crowley sem síðast sendi frá sér hina rómuðu mynd *Brooklyn*, en hún hlaut BAFTA-verðlaunin sem besta breska mynd ársins 2015 og var tilnefnd til þrenna Óskarsverðlauna. Sem fyrr ræðst John ekki á garðinn þar sem hann er lægstur því *The Goldfinch* er byggð á samnefndri bók bandaríska rithöfundarins Donnu Tartt sem m.a. hlaut Pulitzer-verðlaunin sem besta skáldsaga ársins 2013. Myndin er um ungan dreng sem kemst lífs af úr sprengingu þar sem móðir hans lætur lífið og í aðalhlutverkum eru Nicole Kidman, Oakes Fegley, Ansel Elgort, Luke Wilson, Sarah Paulson og Ashleigh Cummings. Myndin verður frumsýnd í október á næsta ári og eru sumir þegar farnir að spá því að hún verði ein af þeim myndum sem keppa munu um helstu kvikmyndaverðlaunin þegar kvikmyndaárið 2019 verður gert upp.

VERTU REYKLAUS Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL





Fólk sem kann að meta vísindaskáldsögur ætti að kíkja á stíkluna úr myndinni *Captive State* sem er tiltölulega nýkomin á netið en hún er eftir Rupert Wyatt sem gerði m.a. myndirnar *The Escapist*, *Rise of the Planet of the Apes* og *The Gambler*. Rupert skrifar sjálfur handritið ásamt eiginkonu sinni Ericu Beeney og gerist sagan í tiltölulega náinni framtíð þegar tíu ár eru liðin frá því að geimverur komu til Jarðar og tóku yfir alla stjórn á henni úr höndum manna. Margir þeirra sáu sér reyndar þann kost vænstan að ganga í lið með þessum geimverum og starfa undir þeirra stjórn en um leið urðu til uppreisnarhópar sem eru staðráðnir í að koma geimverunum frá völdum, en það er hægara sagt en gert. Myndin, sem gerist öll í Chicago framtíðarinnar og er sögð afar framúrsteftuleg sýn á framtíð mannkynsins, skartar þeim John Goodman, Ashton Sanders, Veru Farmigu, D.B. Sweeney, Madeline Brewer, Kevin Dunn, Ben Daniels og Machine Gun Kelly (MGK) í stærstu hlutverkunum og verður frumsýnd í lok mars eða byrjun apríl ef áætlanir ganga eftir.



Eins og kunnugt er mun Brad Pitt leika eitt aðalhlutverkið í næstu mynd Quentins Tarantino, *Once Upon a Time in Hollywood*, sem frumsýnd verður 9. ágúst og er hann einnig með á dagskránni aðalhlutverkið í ónefndri næstu mynd Wes Anderson svo og hlutverk Gerrys Lane í framhaldsmyndinni *World War Z 2* sem vonir standa til að verði frumsýnd sumarið 2020. En áður munum við hins vegar sjá hann í nýjstu mynd leikstjórans James Gray, *Ad Astra*, sem frumsýna á 24. maí næstkomandi þar sem aðalmótleikarar hans eru Tommy Lee Jones, Donald Sutherland, Ruth Negga og Jamie Kennedy. Myndin gerist að stórum hluta úti í geimnum og fjallar um geimfarann Roy McBride sem leggur upp í sannkallaða langferð í leit að vísbendingum um afdrif föður síns sem tuttugu árum fyrr hafði verið sendur til Neptúnusar í leit að vitsmunalífi. Myndin lofar mjög góðu, a.m.k. fyrir aðdáendur vísindaskáldsagna, en leikstjórinn James Gray, sem einnig skrifar handritið ásamt Ethan Gross, á m.a. að baki myndirnar *Little Odessa*, *The Immigrant* og núna síðast hina þrælgóðu mynd, *The Lost City of Z*.



Serenity nefnist ein af þeim áhugaverðu myndum sem frumsýna á í febrúar en hún er eftir leikstjórnann Steven Knight sem bæði skrifaði og leikstýrði myndunum *Redemption* og *Locke* en á einnig að baki handrit fjölmargra annarra þekktra mynda eins og *Dirty Pretty Things*, *Amazing Grace*, *Pawn Sacrifice*, *Burnt*, *Allied* og *The Girl in the Spider's Web*. Myndin segir frá Baker Dill sem býr á suðrænni eyju þar sem hann leigir út bát til sjóstangaveiðimanna.

Dag einn fer veröldin á hvolf hjá honum þegar fyrrverandi eiginkona hans og barnsmóðir kemur til hans og biður hann að myrða núverandi eiginmann sinn gegn tíu milljón dollara greiðslu. Í gang fer vægast sagt óvenjuleg atburðarás sem á eftir að koma áhorfendum hressilega á óvart enda er ekki allt sem sýnist. Með aðalhlutverkin fer hópur þekktra leikara, þau Matthew McConaughey sem leikur Baker, Anne Hathaway sem leikur fyrrverandi eiginkonu hans og Jason Clarke sem leikur manninn sem Baker á að myrða. Auk þeirra fara Diane Lane, Djimon Hounsou og Jeremy Strong með stór hlutverk í myndinni. Kíkið endilega á stíku þessarar myndar sem frumsýnd hefur verið á netinu.



Hér sjáum við þá Tom Bateman og Liam Neeson í hlutverkum sínum í myndinni *Cold Pursuit* í leikstjórn hins norska Hans Petter Moland en hún er endurgerð hans eigin myndar, *Kraftidioten*, sem var frumsýnd árið 2014 og vakti mikla lukku, enda þrælgóð mynd í alla staði. Liam fetar hér í fótspor Stellans Skarsgård í þeirri mynd og leikur Nels sem vinnur við að hreinsa snjó af vegum í Klettafjöllum með öflugustu snjóruðningstækjum sem völ er á. Þegar sonur hans er myrtur sannfærast Nels um að eiturlyfjakor einn á svæðinu beri ábyrgð á dauða hans og sver þess dýran eidd að koma fram hefndum, ekki bara gagnvart honum heldur öllu hans gengi. Til þess notar hann m.a. hinn aflmikla snjóruðningsdreka sem hann ræður yfir. Málið á hins vegar eftir að reynast flóknara en Nels gerði ráð fyrir (þótt það væri nú þegar frekar flókið) enda blandast inn í það mun erfiðari og hættulegri andstæðingar en þeir sem hann hélt að hann ætti í höggi við. Myndin verður frumsýnd í febrúar og fyrir utan þá Liam og Tom fara Laura Dern, Emmy Rossum, William Forsythe, Domenick Lombardozzi, Julia Jones og Raoul Max Trujillo með stærstu hlutverkin.



Nú getur þú borgað með símanum




Með kortaappi Landsbankans getur þú greitt fyrir vörur og þjónustu um allan heim í posum með snertilausri virkni. Nánar um appið á landsbankinn.is/kortaapp.





Kubbamyndin *The Lego Movie* sló í gegn þegar hún var frumsýnd í febrúar 2014 og gerði stjórnun úr kubbakallinum Emmet Brickowski sem varð óvart og óvænt aðalkubbakallinn í baráttu við grimman og ægilegan einræðisherra sem ætlaði sér að rústa veröld hans og annarra kubbakalla. Sem betur fer naut Emmet aðstoðar Batmans og fleiri og hlaut baráttan farsælan endi eins og allir vita sem sáu þá skemmtilegu mynd.

Í febrúar verður svo framhaldsmyndin *The Lego Movie 2: The Second Part* frumsýnd en hún gerist nokkrum árum eftir að allt varð fráþætt aftur í fyrri myndinni og segir frá því þegar Lego Duplo-kubbar utan úr geimnum gera árás á kubbaveröld Emmets og féлага og rústa henni. Það sem er verra er að þeir ræna Lucy, bestu vinkonu Emmets, sem þýðir að hann verður að smíða sér geimskip og fara út í geim að bjarga henni. Allar helstu persónur fyrri myndarinnar snúa hér aftur ásamt leikurunum sem töluðu fyrir þær auk nýrra persóna, en um leikstjórnina í þetta sinn sá Mike Mitchell sem gerði síðast teiknimyndina *Tröll*.




Disneymyndin *The Lion King* varð vinsælasta mynd ársins 1994 og er enn þriðja tekjuhæsta mynd Disney frá upphafi (á eftir *Frozen* og *Zootropolis*) og situr í dag í 29. sæti listans yfir tekjuhæstu myndir allra tíma. Í júlí á næsta ári mun Disney frumsýna þessa fráþættu mynd á ný sem nú hefur verið endurgerð frá grunni með nýjustu tölvu- og kvikmyndatækni sem við þekkjum úr myndum eins og endurgerðinni af *Jungle Book* frá árinu 2016. Fyrsta kynningarstiklan úr myndinni var frumsýnd í nóvember og lofar góðu eins og búast mátti við og verður gaman að sjá hvort myndin eigi eftir að gera enn betur en sú fyrri í kvikmyndahúsum heimsins en við því má alveg búast. Á meðal leikara sem tala fyrir helstu persónurnar í þetta sinn í ensku útgáfunni eru Donald Glover, Beyoncé, Seth Rogen, Billy Eichner, Keegan-Michael Key, Chiwetel Ejiofor, John Oliver, Alfre Woodard og James Earl Jones.



Í ágúst á næsta ári verður myndin *Playmobil: The Movie* frumsýnd en hún er eins og flestir ættu nú þegar að hafa giskað á byggð í kringum Playmobil-persónurnar sem allir þekkjja enda hafa þessi leikföng notið vinsælda um árabil eða allt frá því framleiðsla á þeim hófst árið 1974. Þessi fyrsta mynd um ævintýri þessara persóna er í leikstjórn Lino DiSalvo sem á langan feril að baki í gerð handunninna og teiknaðra mynda og var t.d. aðalteiknari Disney-myndarinnar vinsælu, *Frozen*. Engin stikla hefur enn verið frumsýnd þegar þetta er skrifað en að því er okkur hér á Myndum mánaðarins skilst segir sagan frá hinni mannlegu Mörlu sem heldur af stað í leit að yngri bróður sínum Charlie, en honum hefur á einhvern hátt tekist að ynfra inn í veröld Playmobil þar sem hvert ævintýrið rekur annað. Þar mun Marla fá aðstoð frá nokkrum Playmobil-persónum við að hafa uppi á bróður sínum, þ. á m. spæjaranum Rex Dasher sem Daniel Radcliffe talar fyrir. Við kynnum þessa mynd að sjálfsögðu betur í næstu blöðum þegar nánari upplýsingar liggja fyrir og fyrsta stiklan hefur verið frumsýnd.



Fyrir utan þær myndir sem nefndar hafa verið hér á síðunni eiga kvikmyndahúsagestir von á fjölmörgum áhugaverðum teikni- og handgerðum myndum á næsta ári, t.d. leirbrúðumyndinni *The Missing Link* sem myndin hér að ofan er einmitt úr. Hún er eftir Chris Butler sem gerði m.a. myndina *ParaNorman* og fjallar um leit Lionels Frost lávarðar og aðstoðarkonu hans, Adelínu Fortnight, að hinum týnda hlekk í þróun mannkyns og finna hann í hinum sérstaka herra Link sem haldið hefur til í Shangri-La þar sem tíminn líður ekki. Þessa mynd á að frumsýna í apríl en á meðal annarra teikni- og handgerðra mynda sem frumsýndar verða á árinu 2019 má nefna mynd númer tvö um litlu gulu skósvainana (*Minions*), *Secret Life of Pets 2*, *Toy Story 4*, *The Angry Birds Movie 2*, *Frozen 2*, *How to Train Your Dragon: The Hidden World*, *Hello Kitty*, *Ugly Dolls* og *Wonder Park*, að ógleymdri myndinni *Ótrúleg saga um risastóra peru* sem er byggð á samnefndri barnabók danska rithöfundarins Jakobs Martin Strid, en sú mynd verður frumsýnd í janúar og er kynnt nánar hér á bls. 16. Þessi upptalning inniheldur auðvitað bara hluta af teikni- og handgerðum myndum næsta árs en um þær allar munum við að sjálfsögðu fjalla betur í komandi blöðum.



Vertu snemma á ferðinni og hallaðu þér aftur á aðventunni

Öruggir skiladagar

Til Evrópu:

13. des	Pakki til Evrópu
14. des	Pakki til Norðurlanda
14. des	Bréf til Evrópu

Innanlands:

17. des	Bréf
19. des	Pakkar

Aðra örugga skiladaga má finna á postur.is/jol


PÓSTURINN

Í janúar er von á sannkallaðri kvikmyndaveislu í kvikmyndahúsum landsins og hér rennum við í stuttu máli yfir nokkrar af þeim myndum sem hana prýða, en þær verða svo auðvitað allar kynntar nánar í næsta blaði sem kemur út á milli jóla og nýárs.



Föstudaginn 4. janúar verða tvær myndir frumsýndar, annars vegar gamanmyndin *Holmes & Watsons* og hins vegar ævintýramyndin *Robin Hood*.



Holmes & Watson er eftir leikstjórnann og handritshöfundinn Etan Cohen sem leikstýrði síðast *Get Hard* en á einnig að baki m.a. handrit myndanna *Tropic Thunder* og *Men in Black 3*. Hér leiða þeir enn saman broddgelti sína þeir Will Ferrell og John C. Reilly í mynd sem eins og heiti hennar gefur til kynna segir frá spæjaranum mikla Sherlock Holmes og aðstoðarmanni hans, læknum Watson. Að sjálfsgöðu er um grínútgáfu sögunnar að ræða þar sem þeir Sherlock og Watson taka upp á ýmsu einkennilegu en megin-saga myndarinnar er dularfull ráðgáta sem erfiðinur Sherlocks, prófessorinn illræmði Moriarty (Ralph Finnes), hefur kokkað upp fyrir hann. Nái Sherlock ekki að ráða gátuna innan fjögurra sólarhringa mun Viktoría drottning verða ráðin af dögum og verður dauði hennar þá alfarið Sherlock að kenna. Með önnur stór hlutverk í myndinni fara m.a. Rebecca Hall, Hugh Laurie, Noah Jupe, Steve Coogan og Pam Ferris sem leikur Viktoríu drottningu.



Robin Hood er svo nýjasta myndin um hetjuna í Skírisskógi sem setti sér og mönnum sínum það markmið að ræna þá ríku og gefa þeim fátæku um leið og hann reyndi hvað hann gat til að koma Jóni fógeta frá völdum í Nottingham. Leikstjóri þessarar hressilegu myndar þar sem stórskemmtilegum bardaga- og hasaratriðum er gert hátt undir höfði er Otto Bathurst og er þetta fyrsta bíómynd hans þótt hann eigi að baki margra ára reynslu í gerð sjónvarpsmynda og sjónvarpsþátta. Með hlutverk Hróa fer hinn skemmtilegi leikari Taron Egerton sem m.a. gerði það gott í *Kingsman*-myndunum og þau Jamie Foxx, Ben Mendelsohn, Eve Hewson, Jamie Dornan og F. Murray Abraham leika stór hlutverk.



Þann 11. janúar verða svo fjórar myndir frumsýndar og skal þar fyrsta nefna *Escape Room* eftir Adam Robitel sem gerði m.a. hrollvekjuna *The Taking of Deborah Logan* árið 2014. Hér er um háspennutrylli að ræða sem verkar svona fyrirfram eins og nokkurs konar blanda af myndunum *Saw* og *The Cube*, en hún segir frá sex ungmennum sem þekkjast ekkert innbyrðis í upphafi en fá dag einn öll send sams konar skilaboð um að mæta á ákveðinn stað þar sem þeirra biður einhvers konar gáta. Með fylgir loforð um að takist þeim að ráða gátuna verði þau verðlaunuð með milljón dollurum. Þetta hljómar auðvitað of vel til að vera satt, en er samt þannig boð að ungmennin sex ákveða öll að mæta á staðinn. Þar komast þau hins vegar fljótlega að því að þau hafa verið leidd í gildru því það stóð ekki í boðinu að ef þeim tækist ekki að ráða gátuna innan ákveðinna tímamarka myndu þau öll týna lífinu! Með aðalhlutverkin fer hópur tiltölulega óþekktara leikara en stíklan úr myndinni gefur ótvírætt til kynna að hér sé um hörkumynd að ræða.




Önnur mynd sem frumsýnd verður 11. janúar nefnist *Instant Family* og er eftir leikstjórnann Sean Anders (*We're the Millers*, *Daddy's Home 1* og *2*) sem einnig skrifar handritið ásamt John Morris. Hér segir frá hjónunum Pete og Ellie, sem þau Mark Wahlberg og Rose Byrne leika, sem ákveða að ættleiða á einu bretti þrjú systkini, táningsstúlku og yngri bróður hennar og systur. Þau Pete og Ellie eru auðvitað engu vön í foreldrahlutverkinu og því gengur á ýmsu, bæði upp og niður, í sambandi þeirra við krakkana þrjá, a.m.k. til að byrja með þegar þau eru öll að

kynnast hvert öðru. Myndin var frumsýnd í Bandaríkjunum fyrir skömmu og hefur fengið afar góðar viðtökur og dóma, en hún þykir í senn bæði mjög fyndin og raunsönn enda er hún að hluta til byggð á raunverulegri sögu leikstjórnans sem ásamt eiginkonu sinni ættleiddi þrjú börn fyrir nokkrum árum. Með stærstu hlutverkin fyrir utan þau Mark Wahlberg og Rose Byrne fara Isabela Moner, Gustavo Quiroz, Julianna Gamiz, Octavia Spencer, Margo Martindale, Julie Hagerty og Joan Cusack.



Þriðja myndin 11. janúar er *Green Book* sem margir spá að verði ein af stóru verðlaunamyndum ársins, bæði myndin sjálf, og fyrir leik þeirra Viggos Mortensen og Mahershalas Ali í aðalhlutverkunum, leikstjórn Peters Farrelly og handritið sem er skrifað af Peter í samvinnu við Brian Hayes Currie og Nick Vallelonga. *Green Book* gerist á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá píanóleikaranum Don Shirley sem ákveður að fara í tónleikaferð um Suðurríki Bandaríkjanna þrátt fyrir að hann viti fyrir vist að þar muni hann mæta rasískum viðhorfum enda svartar á hörund.

Þau viðhorf eru reyndar ein af ástæðum þess að hann vill fara, en sér til verndar ef á hann yrði ráðist fær hann útkastarann og smáglæpamanninn Tony Lip sem lætur engan eiga neitt inni hjá sér. Þetta eru gjörólíkir menn að öllu leyti og á ferðalag þeirra eftir að kenna þeim báðum sitthvað nýtt um lífið og tilveruna. Myndin hefur þegar þetta er skrifað verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum beggja vegna Atlantshafsins, hlotið afburðadóma bæði gagnrýnenda og almennra áhorfenda og þykir eins og fyrr segir mjög líkleg til að verða tilnefnd til Golden Globe- og Óskarsverðlauna í fyrrnefnum flokkum, ekki síst Viggó sem hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskars en ekki hlotið hann. Þykir mörgum aðdáendum hans tími til kominn að þessi frábæri leikari eignast sína eigin stytta.



Fjórða myndin á dagskránni 11. janúar er svo *A Private War* eftir leikstjórnann Matthew Heineman en sú mynd þykir eins og *Green Book* einnig líkleg til að skora hátt á væntanlegum verðlaunahátíðum og þá alveg sérstaklega Rosamund Pike fyrir leik sinn í aðalhlutverkinu. Hún leikur þar blaðakonuna Marie Catherine Colvin sem árið 1985 hóf störf hjá breska blaðinu *The Sunday Times* og fór fljótlega að sækjast eftir erfiðustu verkefnunum sem í boði voru, þ.e. að fara til stríðshráðra svæða og landa. Hennar eigin orð fyrir því hvers vegna hún var tilbúin til að leggja

líf sitt í hættu voru að með því gæti hún gefið þeim raddlausu rödd og þeim ósýnilegu tilvist frammi fyrir alþjóðasamfélaginu. Frá árinu 1986 var hún sérfræðingur blaðsins í málefnum Mið austurlanda en tók einnig að sér að fara til landa Norður-Afríku þegar byltingarnar þar, sem kallaðar voru *Arabiska vorið*, áttu sér stað, m.a. í Líbýu þegar Moammar Gadhafi var steypt af stóli. Varð hún t.d. síðasti vestræni blaðamaðurinn til að taka við hann viðtal. Marie fór einnig til landa fyrrum Júgóslavíu til að skrifa um fólkíð sem varð á milli í átökunum þar sem kostuðu tugþúsundir saklausra borgara lífið og til Sierra Leone, Simbabwe, Sri Lanka og Austur-Tímor. Á síðastnefnda staðningum er hún talin hafa bjargað a.m.k. 1.500 mannlífum með fréttaflutningi sínum af innkrúduðum konum og börnum sem aftraði indónesíska hernum að gera árás. Framangreint er bara brot af afrekum þessarar einstöku konu sem hlaut fjölmörg blaðamannaverðlaun fyrir starf sitt, en hún varð svo í apríl árið 2012 fórnarlamb stríðsins í Sýrlandi.



Í HÁTÍÐAR- SKAPI MEÐ DEL MONTE

Fullkomnaðu
hátíðarmatinn
með niðursoðnum
ávöxtum frá
Del Monte

Ómissandi í
forréttinn,
aðalréttinn og
baksturinn





Þann 18. janúar verða þrjár myndir frumsýndar, þar á meðal nýjasta mynd M. Nights Shyamalan, *Glass*, en eftir henni biða sjálfsagt margir, svo umtöluð sem hún hefur verið allt frá því að hafist var handa við gerð hennar. Í *Glass* koma saman þrír karakterar úr fyrri myndum Shyamalans, þ.e. þeir David Dunn og Elijah Price (herra Glass) úr myndinni *Unbreakable* frá árinu 2000 og svo Kevin Wendell Crumb úr myndinni *Split* en hann er í raun 24 persónur í einum og sama líkamanum. Með hlutverk þessara þriggja karaktera fara sem fyrr þeir Bruce Willis, Samuel L. Jackson og James

McAvoy sem í upphafi myndarinnar virðast allir samankomnir á einhvers konar meðferðarstofnun þar sem gera á tilraunir til að „lækna“ þá af þeim hugmyndum að þeir séu eitthvað örðuvísi en aðrir og búi jafnvel yfir einhvers konar ofurkröftum. Annars er best að vera ekkert að spá í söguna á þessu stigi þar sem upplýsingar um hana eru afar takmakaðar að öðru leyti en því sem sést í magnaðri stíklunni. Hún er þó langt frá því að upplýsa um raunverulegan söguþráð þótt vissulega virðist hún sýna nokkur af lykilatriðum myndarinnar. Með önnur stór hlutverk í *Glass* fara m.a. Anya Taylor-Joy, Sarah Paulson, Luke Kirby og Spencer T. Clark.



Önnur mynd sem einnig verður frumsýnd 18. janúar er *Ben is Back* eftir leikstjórnann og handritshöfundinn Peter Hedges sem á m.a. að baki myndirnar *Pieces of April*, *Dan in Real Life* og *The Odd Life of Timothy Green* auk þess sem hann skrifaði handritin að myndunum *About a Boy* og *What's Eating Gilbert Grape* sem var jafnframt byggð á skáldsögu hans. *Ben is Back* segir frá ungum manni, Ben Burns, sem var bæði djúpt sokkinn og hætt kominn vegna eiturfjafkunar og glæpa sem hann framdi vegna þeirra áður en honum tókst að rétta sig af á meðferðarstofnun.

Þegar myndin hefst er hann að koma heim á ný þar sem m.a. móðir hans tekur á móti honum og þótt hún sé fegin að það sé í lagi með son sinn er hún jafnframt dauðhrædd um að hann falli á ný. Á þann ótta slær ekki þegar hún kemst að því að einn af fyrrverandi dópfélögum Bens telur hann skulda sér peninga sem hann verði að greiða, sama hvað. Myndin þykir gríðarlega áhrifarík, raunsæ og góð í alla staði og þá sérstaklega leikur þeirra Julia Roberts og Lucas Hedges í aðalhlutverkunum. Þykja þau bæði líkleg til að verða tilnefnd til einhverra ef ekki allra stóru verðlaunanna fyrir vikið á næsta ári. Þess má geta að Lucas, sem lék m.a. í myndunum *Manchester by the Sea*, *Lady Bird*, *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri* og *Boy Erased*, er sonur leikstjóra myndarinnar og þykir allt eins líklegur til að hljóta tilnefningar til margra verðlauna fyrir leik sinn í síðastnefndu myndinni, þ.e. *Boy Erased*, sem er væntanleg í bíó í mars næstkomandi. Um hana fjöllum við betur þegar að því kemur.



Þriðja myndin sem frumsýna á 18. janúar er svo teiknimyndin *Ótrúleg saga um risastóra peru* sem er gerð eftir samnefndri barnabók danska rithöfundarins og teiknarans Jakobs Martin Strid en hún kom út árið 2012 á íslensku í snilldarþýðingu Jóns St. Kristjánssonar. Varð hún um leið önnur bókin eftir Jakob sem gefin hefur verið út á Íslandi en sú fyrri var *Í búðinni hans Mústafa* í þýðingu Friðriks H. Ólafssonar.

Ótrúleg saga um risastóra peru er í raun ótrúleg saga og svo viðburðarík að það hálfá væri nóg. Í stuttu máli segir hún frá vininum Sebastian sem er fill og kisustelpunni Mithco sem dag einn veiða flöskuskeyti í höfninni frá týndum bæjarstjóra bæjarins sem þau búa í. Fyrir gráglettni örlaga og tilviljana fer svo að þau leggja ásamt próffessor Glúkos upp í langferð yfir úthafið á risastóri peru sem er útbúin eins og bátur. Á leiðinni lenda þau í vondum veðrum, hitta sjóræningja, drauga, drekaskip og margt fleira áður en þau finna loksins eyjuna þar sem bæjarstjórinn er. Myndin þykir bráðskemmtileg fyrir krakka en þeir fullorðnu munu líka hafa gaman af henni því í henni er að finna stórskemmtilega ádeilu sem aðeins þeir munu skilja, án þess að það skemmi fyrir þeim sem yngri eru.



The Mule nefnist nýjasta mynd Clints Eastwood og verður hún ásamt tveimur öðrum myndum frumsýnd 25. janúar. Myndin, sem Clint leikur jafnframt aðalhlutverkið í, segir frá níræðum manni, Earl Stone, sem fellur í þá freistni að flytja þrjú kíló af kókaini frá Mexíkó til Bandaríkjanna fyrir mexíkóskan eiturfjáhingur. Sagan er byggð á sönnun atburðum og sækir efniviðinn í grein Sams Dolnick sem heitir *The Sinaloa Cartel's 90-Year Old Drug Mule* og birtist í *The New York Times* fyrir nokkrum árum. Handritið er hins vegar eftir Nick Schenk sem skrifaði einnig hina góðu mynd

The Judge og myndina *Gran Torino* sem Clint leikstýrði einmitt 2008 með sjálfum sér í aðalhlutverki. Þá héldu margir að Clint hefði leikið í sinni síðustu mynd, enda þótti hann gefa það sterklega í skyn með endi þeirrar myndar þar sem karakter hans dó eftir að hafa fórnað sér fyrir málstaðinn. Með helsta hlutverk á móti honum í *The Mule* fer Bradley Cooper og er þetta í annað sinn sem þeir tveir vinna saman því eins og menn munu lék Bradley aðalhlutverkið í mynd Clints, *American Sniper*, sem var frumsýnd fyrir fjórum árum og gerði það víða mjög gott. Með önnur stór hlutverk fara svo Taissa Farmiga, Michael Peña, Andy Garcia, Laurence Fishburne, Dianne Wiest og dóttir Clints, Alison Eastwood.



Mary Queen of Scots eftir Josie Rourke verður einnig frumsýnd 25. janúar ef áætlanir ganga eftir en í henni leika þær Saoirse Ronan og Margot Robbie Mary Stúart Skotadrottningu annars vegar og hins vegar Elísabetu 1. Englandsdrottningu. Myndin er byggð á bók Johns Guy og segir frá því þegar Mary Stúart, sem var réttborin drottning Skota, sneri til Skotlands á ný eftir að hafa alist upp í Frakklandi frá unga aldri. Margir, þar á meðal hún sjálf, töldu hana einnig eiga tilkall til ensku krúnunnar, en því var Elísabet að sjálfsögðu ekki sammála. Eftir að Mary hafði lent í vandræðum heima fyrir sem tengdust hjónabandi hennar og James Hepburn leitaði hún á náðir Elísabetar árið 1567. Þær stóllur voru í raun ekki óvinir en þar sem Mary hafði gert tilkall til ensku krúnunnar og naut stuðnings uppreisnarhóps sem studdi þá kröfu þá þorði Elísabet ekki að styðja hana og í gang fór mikil barátta sem átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér til margra ára. *Mary Queen of Scots* er ein af þeim myndum sem er spáð góðu gengi á verðlaunahátíðum næsta árs og hafa fyrstu viðtökur verið afar góðar, en myndin hefur verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum þótt hún fari ekki í almenna dreifingu fyrr en í janúar.



Enn ein myndin sem þykir líklega til afreka á komandi verðlaunahátíðum er *Stan & Ollie* eftir leikstjórnann Jon S. Baird (*Filth*) en hún verður eins og myndirnar tvær hér fyrir ofan frumsýnd 25. janúar. Fyrst og fremst þykja þeir John C. Reilly og Steve Coogan líklegir til að hljóta verðlaun fyrir túlkun sína á gríntvíeykinu Oliver Hardy og Stan Laurel sem hér á landi voru á sínum tíma alltaf kallaðir Steini og Olli, eða Gøg og Gokke sem var danska heitið. Þykja þeir John og Steve ná að túlka félagana tvo á nánast fullkominn hátt, bæði í atriðum þar sem þeir eru að skemmta svo og

utan sviðs. Handritið þykir og frábært en það er skrifað af Jeff Pope sem hlaut fjölda verðlauna fyrir síðasta bíómyndahandrit sitt, *Philomena*, þ. á m. BAFTA-verðlaunin og tilnefningu til Óskarsverðlauna. Myndin gerist undir lok ferils þeirra Stans og Laurels á sjötta áratug síðustu aldar þegar þeir koma til heimalandsins Bretlands eftir áralanga vist í Hollywood þar sem þeir gerðu fjölmargar myndir. Þeir ákveða að fara í sýningarferðalag um Bretlandseyjar, en það gengur upp og niður, ekki síst vegna þess að á milli þeirra ríkti ákveðinn ágreiningur vegna gamals atburðar sem aldrei hafði verið gerður upp auk þess sem Laurel var farinn að tapa heilsu þegar þarna var komið sögu. Samt sem áður voru þessir menn eins miklir perluvinir og hægt er að vera og þykir myndin lýsa sambandi þeirra afar vel auk þess sem þær Shirley Henderson og Nina Arianda þykja alveg frábærar í hlutverkum eiginkvenna þeirra, Lucille og Idu.



BUMBLEBEE

EVERY HERO HAS A BEGINNING

FRUMSÝND 26. DESEMBER

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

AKUREYRI
SAMBÍÓN

LAUGARÁS
RASA LÓRUS
BÍÓ

SMÁRA
BÍÓ

KEFLAVÍK
SAMBÍÓN

KRINGLUNNI
SAMBÍÓN

ÁLFABAKKA
SAMBÍÓN

Morð er bara vinna

The Sisters Brothers hlaut Silfurljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneýjum og var tilnefnd til Gullna ljónsins sem besta myndin. Hún hefur enn fremur hlotið afar góða dóma gagnrýnenda og þeir eru margir sem telja hana í flokki bestu mynda ársins.

The Sisters Brothers er kostuleg blanda af vestra og svartri kómedíu en hún gerist á tímum gullæðisins í Kaliforníu um miðja nítjándu öld. Þeir Joaquin Phoenix og John C. Reilly leika bræðurna Charlie og Eli Sisters sem hafa tekið að sér að elta uppi gulleitarmann og efnafræðing (að eigin sögn) að nafni Hermann Warm fyrir mann sem er alltaf kallaður „Commodore“ (Rutger Hauer) og fullyrðir að Hermann þessi hafi stolið af sér fé. Óhætt er að segja að ferð bræðranna og leit þeirra að Hermann verði þyrnum stráð enda kemur í ljós að það eru fleiri en þeir sem vilja hafa hendur í hári hans. Ekki bætir úr skák að Eli, sem langar helst að hætta í þessum bransa og opna verslun, hefur miklar efasemdir um að þessi Commodore hafi verið að segja þeim sannleikann og Charlie er sífellt að detta í það með tilheyrandi hliðarsporum, töfum og alls konar veseni ...



The Sisters Brothers

Vestri / Svartur húmor



Aðalhlutverk: John C. Reilly, Joaquin Phoenix, Jake Gyllenhaal, Riz Ahmed, Rebecca Root, Allison Tolman, Rutger Hauer og Carol Kane **Leikstjórn:** Jacques Audiard **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 7. desember



Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem þeir Jake Gyllenhaal og Riz Ahmed leika saman í mynd en það gerðu þeir einnig í hinni frábæru mynd *Nightcrawler* eftir Dan Gilroy sem var frumsýnd 2014. En hvaða leikkona fór með aðalkvenhlutverkið í þeirri mynd?



Gene Russo



Joaquin Phoenix og John C. Reilly leika Sisters-bræðurna Charlie og Eli sem taka að sér að finna og handsama efnafræðinginn og gulleitarmanninn eftirlýsta, Hermann Kermit Warm.

Punktar

- ★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times*
- ★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Boston Globe* ★★★★★ - *Slate*
- ★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Rolling Stone*
- ★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Screen Intl.*

• Leikstjóri *The Sisters Brothers* er hinn margverðlaunaði Frakki Jacques Audiard sem gerði m.a. myndirnar *Un prophète*, *Dheepan* og *De rouille et d'os* (*Ryð og bein*) en hann skrifaði einnig handritið ásamt samstarfsmanni sínum til margra ára, Thomasi Bidegain.



Riz Ahmed og Jake Gyllenhaal í hlutverkum sínum í *The Sisters Brothers*, en þeir leika þá Hermann Kermit Warm og John Morris.



BY APPOINTMENT TO THE ROYAL DANISH COURT

Anthon Berg

Since 1884



YOU CAN NEVER BE TOO GENEROUS



Mortal Engines

Vísindaskáldsaga

12



128 mín

Aðalhlutverk: Hera Hilmar, Hugo Weaving, Stephen Lang, Robert Sheehan, Jihae, Frankie Adams, Colin Salmon, Leila George og Caren Pistorius **Leikstjórn:** Christian Rivers **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Egilshöll, Álfabakka og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 14. desember



Veistu svarið?

Hera Hilmarsdóttir er dóttir Hilmars Oddssonar og Þóreyjar Sigþórsdóttur og átti því ekki langt að sækja leiklistaráhugann í æsku enda lék hún í sinni fyrstu bíómynd aðeins sjö ára að aldri. En fyrir leik í hvaða tveimur myndum hlaut hún Edduverðlaunin?




Vonarsæti og Líðurinn.

Sum sár gróa aldrei

Eftir að hafa mistekist að taka Thaddeus Valentine af lífi nær Hester Shaw naumlega að sleppa frá risaborginni London út í eyðimörkina þar sem þrautaganga hennar hefst fyrir alvöru.

Mortal Engines er byggð á samnefndri og margverðlaunaðri bók breska rithöfundarins Philips Reeve, en hún kom út í íslenski þýðingu í sumar undir heitinu *Vítisvélar*. Þetta er mögnuð vísindaskáldsaga og framtíðarævin-týri sem gerist eftir um þrjú þúsund ár þegar heilu borgirnar eru komnar á færanlegan grunn og ferðast um Jörðina í leit að orku til að knýja þær. Til að fá þessa orku gleypa borgirnar m.a. í sig aðrar minni borgir og bæi og verða um leið íbúum þeirra að fjörtjóni.



Hera Hilmarsdóttir, eða Hera Hilmar eins og hún kys að kalla sig, fer með hlutverk Hester Shaw sem á harma að hefna gegn einum aðal-manninum í stærstu borginni London, Thaddeusi Valentine, eftir að hann hafði ráðist á heimabæ hennar, Salthook. Eftir misheppnaða tilraun til að ráða Thaddeus af dögum þarf Hester til að flýja borgina og út í eyðimörkina þar sem hún gengur í lið með fólki sem er staðráðið í að komast inn í London á ný. En það er hægara sagt en gert ...



Hera Hilmar leikur aðalsöguhetjuna Hester Shaw, en hún á harma að hefna gegn hinum valdamikla Thaddeus Valentine sem ber ábyrgð á að heimabæ hennar, Salthook, var eytt og líf hennar lagt í rúst.

Punktur

• Aðalframleiðandi *Mortal Engines* er Peter Jackson sem gerði *Lord of the Rings*- og *Hobbit*-þrileikina, en hann skrifar jafnframt handritið ásamt Philippu Boyens og eiginkonu sinni Fran Walsh. Leikstjórnin er hins vegar í höndum Christians Rivers sem hafði m.a. yfirumsjón með tækniþrellunum í fyrrnefndum þrileikjum og hlaut Óskarsverðlaunin fyrir tækniþrellurnar í mynd Peters, *King Kong*.



Hugo Weaving leikur hinn óforskammaða Thaddeus Valentine sem er einn af valdamestu mönnum í risaborginni London.



Lið fyrir lið

Ibúfen – verkjastillandi og bólgueyðandi

Ibúfen 400 mg, filmuhúðaðar töflur innihalda 400 mg af íbúprófeni. Lyfið dregur úr verkjum, bólgu og hita. Það er notað við vægum til meðalmiklum verkjum eins og höfuðverk, tannþínu, tíðaverkjum og hita. Takið töflurnar með glasi af vatni með eða eftir mat. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Konungur hafsins

Aquaman er mynd sem ofurhetjuaðdáendur um allan heim hafa boðið eftir en hún verður heimsfrumsýnd á Íslandi 19. desember.

Hér er um upprunasögu að ræða sem hefst þegar Arthur Curry, öðru nafni Aquaman, er aðeins þriggja ára og fer fyrsti hluti myndarinnar í að sýna hvernig hann kemst að því að hann er hinn eini sanni konungur sjávarborgarinnar Atlantis. Arthur er í fyrstu ekkert allt of hrifinn af þeirri ábyrgð sem því fylgir en getur ekki hlaupist undan merkjum þegar hættur steðja að úr öllum áttum sem ekki bara ógna Atlantis og íbúum sjávarins heldur og öllu mannkyninu. Þá kemur sér vel að hann býr að ógnarkröftum, getur stjórnað sjávarföllumum, synt á hljóðhraða og talað við dýrin sem búa í hafinu auk þess sem hann nýtur ómetanlegrar aðstoðar sjávarprinsessunnar Meru sem gefur honum lítið eftir hvað ofurkrafta varðar. En andstæðingarnir eru líka öflugir, þar á meðal Ormur hálfbróðir Arthurs sem vill sameina hin sjö konungsríki hafsins og segja mannkyninu stríð á hendur enda telur hann mannfólkið bera ábyrgð á hnignun hafsins. Þá skelfilegu áætlun verður Aquaman að stöðva hvað sem það kostar ...



Aquaman

Evintýri / Ofurhetjur

12 143 min

Aðalhlutverk: Jason Momoa, Amber Heard, Nicole Kidman, Dolph Lundgren, Patrick Wilson, Willem Dafoe, Djimon Hounsou, Randall Park og Yahya Abdul-Mateen II **Leikstjórn:** James Wan **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Smárabíó, Ísa-fjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó, Skjaldborgarbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 19. desember



Patrick Wilson leikur hálfbróður Aquamans, Orm, sem er núverandi konungur Atlantis og hefur uppi áætlun um að útrýma mannkyninu.

Veistu svarið?

Þótt leikstjóri *Aquaman*, James Wan, sé af kínverskum og malasískum uppruna, hafi fæðst í Malasíu og búi í Bandaríkjunum er hann opinberlega af allt öðru þjóðerni en þessum þremur. Hvert er þjóðerni hans?



Hann er Ástralí.



Arthur Curry, betur þekktur sem Aquaman, er leikinn af Jason Momoa.

Punktar

- *Aquaman* er sjötta myndin í hinum sameinaða ofurhetjuheimi DC-Comics á eftir *Man of Steel*, *Batman v Superman: Dawn of Justice*, *Suicide Squad*, *Wonder Woman* og *Justice League* en Aquaman kom einmitt fram í *Batman v Superman: Dawn of Justice* og *Justice League*.

- Nicole Kidman var boðið að leika Hippolytu drottningu, móður Diönu Prince í *Wonder Woman*, en þurfti að hafna því á sínum tíma. Hún var svo aftur fyrsti kostur James Wan í hlutverk drottningarinnar Atlönnu, móður Arthurs Murphy og Orms, og samþykkti það strax enda hafa hún og James Wan verið bestu vinir um árabíl.

- *Aquaman* er spáð miklum vinsældum í bíó og verður gaman að sjá hvort henni tekst að toppa *Wonder Woman* í aðsókn.



Amber Heard leikur prinsessuna Meru sem eins og Aquaman ræður yfir mögnuðum ofurkröftum.

ÓKEYPIS **MEÐ** HVERRI
GLAÐNINGUR DOS!*

pop Play eat



*GR, CY, MT, IS only. 18+. To claim a free digital prize (Pringles recipe book or party planner) and find out instantly if you have won 1 of 321 winning moments prizes, purchase a promotional can, visit Pringles.com and enter batch code between 03.09.18 & 04.03.19. Winning moments prizes include holidays (exclusions and date restrictions apply), GoPro HERO cameras, smart TVs, instant print cameras, portable speakers and movie downloads. Maximum 10 entries per person with 1 entry per day. Maximum 1 winning moments prize per person. Retain receipt. Internet access required. For full T&Cs & how to enter visit Pringles.com.

Allt er mögulegt, líka hið ómögulega

Mary Poppins snýr aftur á hvíta tjaldið á annan dag jóla, 26. desember, 54 árum eftir að samnefnd mynd sló í gegn um allan heim, en hún er fyrir löngu orðin eitt af sígildum meistaraverkum kvikmyndasögunnar. Í það skiptið var það Julie Andrews sem lék Mary en í þetta sinn er það Emily Blunt sem leikur þessa söngelsku, rammgöldróttu og snjöllu barnfóstru.

Myndin gerist um 25–30 árum eftir atburðina í fyrri myndinni og Banks-krakkarnir Michael og Jane eru sjálf orðin fullorðin. Michael býr enn í húsinu við Kirsuberjagötu og á nú þrjú börn á svipuðum aldri og hann og Jane voru þegar Mary Poppins kom fyrst í heim-sókn. Þegar alvarlegur fjölskylduvandi steðjar að sem Banks-fjölskyldan á erfitt með að höndla birtist Mary Poppins á ný á heimilinu, staðráðin í að bjarga málanum og alveg viss um að hún geti það ...

Með stór hlutverk fyrir utan Emily fer fjöldi þekktra leikara, þ. á m. Ben Wishaw, Colin Firth, Julie Walters, Meryl Streep, David Warner, Angela Lansbury og Emily Mortimer auk þess sem Dick Van Dyke, sem lék bæði hinn glaðlynda fjöllistamann og sótara Bert og bankastjórann Dawes í fyrri myndinni, leikur nú Dawes yngri, en Dick, sem verður 93 ára 13. desember, er í ótrúlega góðu formi.



Mary Poppins Returns

Ævintýri

L 139 mín

Aðalhlutverk: Emily Blunt, Ben Wishaw, Lin-Manuel Miranda, Emily Mortimer, Julie Walters, Meryl Streep, Colin Firth, Angela Lansbury, David Warner, Pixie Davies, Nathanael Saleh, Joel Dawson og Dick Van Dyke **Leikstjórn:** Rob Marshall **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Háskólabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó, Skjaldborgarbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 26. desember



Eins og í 1964-myndinni fara þau Mary Poppins, Jack og Banks-krakkarnir m.a. í heimsókn til teiknimyndalands þar sem gleðin tekur völd.

Veistu svarið?

Mary Poppins-myndin sem frumsýnd var í ágúst árið 1964 var tilnefnd til þrettán Óskarsverðlauna á sínum tíma og hlaut fimm þeirra, þar á meðal fyrir lag ársins. Eins og allir vita sem þekkja þá mynd prýddu hana fjölmörg góð lög en hvert þeirra hlaut Óskarinn?



Hér sjást nokkrir af aðalleikurum myndarinnar, Emily Mortimer sem leikur Jane Banks, Julie Walters sem leikur ráðskonuna Ellen, Lin-Manuel Miranda sem leikur Jack og Emily Blunt sem leikur Mary Poppins. Með hlutverk Banks-krakkanna Johns, Georgies og Annabel fara síðan þau Nathanael Saleh, Pixie Davies og Joel Dawson.

Punktar

- Leikhópur myndarinnar hefur meira og minna leikið saman áður í ýmsum myndum, t.d. þau Colin Firth, Julie Walter og Meryl Streep sem léku öll í *Mamma Mia*-myndunum. Þá er þetta í þriðja skipti sem þær Emily Blunt og Meryl Streep leika saman eftir myndirnar *The Devil Wears Prada* og *Into the Woods* en þeirri mynd var einmitt leikstýrt af Rob Marshall sem einnig leikstýrir *Mary Poppins Returns*.



Colin Firth leikur bankastjórann William W. Wilkins og þau Emily Mortimer og Ben Wishaw leika Banks-systkinin Jane og Michael.

Chim Chim Chere



Hver er þér
svo kær?

NÓA
Konfekt

GOTT AÐ GEFA – HIMNESKT AÐ ÞIGGJA



Bumblebee

Ævintýri / Hasar

12

114 mín

Aðalhlutverk: Hailee Steinfeld, John Cena, Justin Theroux, Jorge Lendeborg Jr., Angela Bassett, Jason Drucker, Pamela Adlon, Rory Markham, Rachel Crow og Abby Quinn **Leikstjórn:** Travis Knight **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó, Skjaldborgarbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumskýnd 26. desember



Veistu svarið?

Fyrsta *Transformers*-myndin sem var frumsýnd árið 2007 gerði það gott í kvikmyndahúsum og halaði inn rúmlega 700 milljón dollurum inn í miðasólu. Með aðalkarhlutverkið í henni fór Shia LaBeouf en hvaða leikkona fór með aðalkvenhlutverkið?



Megan Fox

Allar sögur eiga sér upphaf

Bumblebee er sjötta og nýjasta *Transformers*-myndin en um leið forsaga þeirra því hún gerist árið 1987, tuttugu árum áður en atburðirnir í fyrstu *Transformers*-mynd Michael Bay, sem var fumsýnd árið 2007, áttu sér stað. Í þetta sinn snýst sagan um uppruna upphaldsvélmennis margra, hins gula Bumblebees.

Hailee Steinfeld, sem var aðeins 14 ára þegar hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frábæran leik sinn í myndinni *True Grit* og síðan til Golden Globe-verðlaunanna 2016 fyrir aðalhlutverkið í *The Edge of Seventeen* leikur hér hina átján ára gömlu Charlie Watson sem er nýbúin að fá bílprófið og dreymir um að eignast bíl. Peningar fyrir honum eru hins vegar af skornum skammti og því hrósar hún henni þegar henni tekst að nurla saman fyrir gamalli Volkswagen-bjöllu sem hún finnur í bílakirkjugarði og er eins og fyrir einhverja töfra enn gangfær. Staðráðin í að gera bílinn upp eftir bestu getu fer Charlie með bjöllum heim í bílskúr foreldra sinna þar sem hún á eftir að uppgötva sér til mikillar undrunar að þessi bíll er langt frá því að vera eins og aðrir bílar. Í raun er þetta vélmennið Bumblebee sem er í felum og á flóttu, bæði undan sér- sveitarmönnum svo og öðrum vélmönnum utan úr geimnum ...



Hin átján ára Charlie er ánægð með „nýja“ bílinn, gulan Volkswagen, og hefur til að byrja með ekki hugmynd um hvað býr í raun í honum.

Punktar

- *Bumblebee* gæti orðið fyrsta myndin í nýrri seríu þar sem uppruna annarra *Transformers*-vélmenna verða gerð sams konar skil, en það fer væntanlega eftir gengi myndarinnar hvort af því verður. Ljóst er að efnistökin í henni verða dálítið öðruvísi en í fyrri myndunum sem Michael Bay leikstýrði en leikstjóri í þetta sinn er Travis Knight sem hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, gerði m.a. teiknimyndina frábæru, *Kubo and the Two Strings*, og var einn af aðalhöfundum myndanna *The Boxtrolls*, *ParaNorman* og *Coraline*.



Charlie og Bumblebee verða fljótt góðir vinir, en það er ástæða fyrir því að Bumblebee var í felum og brátt eru þau komin á harðaflóttu.

ORIGINAL
KJÚKLINGALEGGIR

SÍGILDSÆLA



Fleiri en einn ganga með grímuna!

Teiknimyndin *Spider-Man: Into the Spider-Verse* verður frumsýnd á annan dag jóla en hér er um að ræða hliðarævintýri frá hinum venjulegu *Spider-Man*-myndum þar sem aðalsöguhetjan er Miles Morales sem telur sig hinn eina og sanna köngulóarmann. Í þeim efnum hefur hann rangt fyrir sér því hann er bara einn af nokkrum sem geta kallað sig því nafni.

Að því kemst Miles þegar hann kynnist hinni framandi Spider-Man-veröld þar sem köngulóarmenn, köngulóarkonur og köngulóardýr hafast við og eru öll gædd sömu ofurhæfileikunum. Þeirra á meðal er Peter Parker sem tekur Miles í kennslustund í sveiflutækniinni áður en hann hittir allar hinar köngulóarútgáfunar, þar á meðal Gwen Stacy, svarta köngulóarmanninn og Spider-Ham, sem er í raun svín.

Úr þessu öllu verður heljarinnar ævintýri, spennandi og mjög myndið, þar sem hersingin þarf að takast á við glæpakónginn Þykka, Wilson Fisk, sem síðast lét á sér kræla í nýjasta *Spider-Man*-tölvuleiknum.

Myndin verður sýnd bæði með íslensku og ensku tali en á meðal þeirra sem tala fyrir persónurnar í ensku útgáfunni eru þau Shameik Moore, Hailee Steinfeld, Liev Schreiber, Nicolas Cage, Mahershala Ali, Jake Johnson, Lily Tomlin, Brian Tyree Henry og Kimiko Glenn.



Spider-Man: Into the Spider-Verse

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Hafsteinn Niésson, Rúnar Freyr Gíslason, Puríður Blær Jóhannsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hilmar Guðjónsson, Davíð Guðbrandsson, Steinn Ármann Magnússon, Valgerður Guðnadóttir, Björgvin Franz Gíslason, Ævar Þór Benediktsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir **Þýðing og leikstjórn:** Kristinn Sigurpáll Sturluson **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Álfabakka og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 26. desember



Líka með jólamyndum



Litríkt bíónammi



Second Act

Rómantísk gamanmynd



Aðalhlutverk: Jennifer Lopez, Leah Remini, Milo Ventimiglia, Vanessa Hudgens, Freddie Stroma, Treat Williams, Dave Foley, Annaleigh Ashford, Larry Miller og Dan Bucatinsky **Leikstjórn:** Peter Segal **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 26. desember



Vanessa Hudgens leikur stórt hlutverk í myndinni.

Veistu svarið?

Treat Williams, sem leikur yfirmann Mayu hjá fjármálafyrirtækinu, á rúmlega fjörutíu ára leikferil að baki. Fullyrða má að hann hafi fyrst slegið í gegn í aðalhlutverki frægrar myndar sem var leikstýrt af Milos Forman árið 1979. Hvaða mynd var það?



2024

Gríptu tækifærið!

Maya er komin á fimmtugsaldur og er föst í láglaunavinnu í stórmarkaði enda hefur hún hvorki menntun né reynslu til að geta sótt um betur launuð störf og finnst eins og hún sé í blindgötu með líf sitt. Dag einn breytist allt þegar einkarekið fjármálafyrirtæki býður henni fyrir misskilning hálaunað starf.

Reyndar er ekki um alveg tóman misskilning að ræða því eiginmaður bestu vinkonu Mayu hafði tekið upp á því að falsa bæði ferilskrá hennar og samfélagsvefi auk þess að sækja um vinnuna fyrir hana. Maya veit því ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar hún er kölluð í viðtal en ákveður að láta reyna á svindlið þegar á hólminn er komið. Eins og gefur að skilja lendir hún fljótlega í miklum vandræðum í starfinu enda eru miklar kröfur gerðar til hennar, kröfur sem hún í fyrstu hefur ekki hugmynd um hvernig á að mæta. En eftir því sem mótlætið verður meira því ákveðnari verður Maya að leggja ekki árar í bát, ná tökum á starfinu og sýna um leið hvað í henni býr ...




Leah Remini leikur vinnufélaga og besta vin Mayu og hvetur hana til að grípa tækifærið sem gefst þegar henni er fyrir misskilning (og falsaða ferilskrá) boðin hálaunuð staða hjá fjárfestingarfyrirtæki.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar, Peter Segal á margar góðar og vinsælar myndir að baki, m.a. grínmyndirnar *Tommy Boy*, *50 First Dates*, *Anger Management*, *The Longest Yard*, *Get Smart* og *Grudge Match*.
- Verslunin sem þær May og Joan vinna í er útibú Food Bazaar Supermarket á Long Island. Var sú leið farin að taka upp atriðin sem gerast þar á venjulegum verslunartíma þannig að sumar bakgrunnspersónurnar eru í raun bara almennt fólk að versla.



Milo Ventimiglia leikur eiginmann Mayu sem styður hana, sama hvað.



DOMINOS.IS DOMINO'S APP

GREIDDU FYRIRFRAM

MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.

